

**Rannsóknir Orkustofnunar vegna fiskeldis í
Borgarfirði sumarið 1988**

Lúðvík S. Georgsson, Freysteinn Sigurðsson

Greinargerð LSG-FS-88-03

RANNSÓKNIR ORKUSTOFNUNAR VEGNA FISKELDIS Í BORGARFIRÐI SUMARIÐ 1988

1. INNGANGUR

Í kjölfar vettvangsskoðunar á möguleikum til fiskeldis í Andakíls-, Skorradals- og Lundarreykjadalshreppi hefur Orkustofnun gert nokkrar breytingar á fyrri áætlun sinni um rannsóknir vegna fiskeldis í Borgarfirði sumarið 1988. Áætlunin miðar að því að skila grunnupplýsingum um jarðhita, ferskvatn og jarðfræði, sem nýtast mundu við ákvarðanir um mögulega staðsetningu fiskeldisstöðva á svæðinu. Hér er á eftir kemur fram hvaða upplýsingar Orkustofnun telur nauðsynlegt að afla til að viðunandi mynd fái af svæðinu.

2. JARÐHTI

Tekin verða saman helstu gögn um jarðhita á svæðinu. Gert er ráð fyrir að kortleggja jarðhitann í Lundarreykjadal betur, m.a. við Þverfell, Reyki, England og Snartarstaði. Sömuleiðis verður jarðhitinn við Efrihrepp skoðaður nánar. Með jarðfræðikortlagningu er ætlunin að fá yfirlit um sprunguvirkni á svæðinu og kanna hvernig uppkoma jarðhitans og jafnvel ferskvatns tengist henni. Gerðar verða svonefndar viðnámssniðsmælingar við Reyki eða England og við Efrihrepp til að kortleggja uppstremisrásir jarðhitans. Þær mundu koma að miklu gagni ef ákvörðun yrði tekin um boranir á þessum stöðum.

3. FERSKVATNSRANNSÓKNIR

Rannsóknirnar beinast að því hvar helst megi vinna nýtanlegt ferskvatn til fiskeldis. Áhuginn beinist einkum að þeim stöðum, þar sem aðstæður leyfa einhverja upphitun ferskvatnsins, svo að ná megi kjörskilyrðum til fiskeldis án mikils tilkostnaðar. Þetta er einkum í námunda við jarðhitasvæðin og sömuleiðis á þeim slóðum þar sem möguleikar eru á að fá keypta ódýra raforku. Í Andakílshreppi verður lögð áhersla á næsta nágrenni við Efrihrepp, svæðið umhverfis jarðhitasvæðið í Bæjarsveit, einkum Varmalæk og Flókadalsá, og Árdal, en þar er möguleiki á ódýrri raforku. Í Lundarreykjadalshreppi verða kannaðir ferskvatnsmöguleikar innst í dalnum, við Þverfell, Gilstreymi og Reyki og sömuleiðis áreyrar Grímsár í nágrenni Brautartungu og Snartarstaða. Í Skorradalshreppi beinist áhuginn einkum að nágrenni Efrihrepps.

4. BORANIR

Gert er ráð fyrir að bora 2-4 grunnar hitastigulsholur, einkum til að afla betri upplýsinga um jarðhita. Nokkuð er misjafnt hvaða ávinningur er af slíkum borunum á einstökum jarðhitasvæðum, en benda má á Þverfell og Hreppslaug við Efrihrepp sem álitlega staði. Sömuleiðis kæmi til greina að kanna betur jarðhitann við Reyki og Snartarstaði með slíkum borunum.

5. VINNA OG KOSTNAÐUR

Áætlað er að eftirfarandi vinnustundir og kostnaður fari í einstaka verkþætti (kostnaður er í þúsundum króna):

Verkþáttur	Vinnust.	Laun	Útl. kostn.
Ferskvatnsathuganir	200	200	67
Jarðfræði og sprungukortl.	250	250	83
Viðnámsmælingar	456	456	153
Efnagr./sýnat./dæluþrófun	18	18	178
Öflun grunnkorta	20	20	10
Skýrslugerð	100	100	40
Borholur	144	144	686
Stjórnun	119	119	36
Ófyrirséð	131	131	125
Samtals	1438	1438	1378
HEILDARKOSTNAÐUR			2816
þar af borkostnaður			600
Hlutur heimamanna - 20%			563

6. NIÐURLAG

Lagt er til að hlutdeild heimamanna í kostnaði við verkið verði skipt í eftirfarandi hlutföllum:

Lundarreykjadalshreppur	45%
Andakílhreppur	45%
Skorradalshreppur	10%

Æskilegt væri að þær athugasemdir, sem heimamenn hafa við þessa verkáætlun og kostnaðarskiptingu, berist Orkustofnun fyrir maílok 1988. Gert er ráð fyrir að vinna hefjist að einhverju leyti í júní. Viðnámsniðsmælingarnar verða gerðar í seinni hluta júlímánaðar.

Lúðvík S. Georgsson
Freysteinn Sigurðsson